




Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Hvolsvöllur, 6. janúar 2022

Mál nr. 2112169

**Efni: Umsögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu, Rimakotslína 2.**

Sveitarfélagið Rangárþing eystra hefur móttækið erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn vegna mögulegra umhverfisáhrifa vegna framkvæmda við Rimakotslínu 2. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í framkvæmdarlýsingu er gert ráð fyrir 36 km jarðstreng sem liggja mun frá tengivirki Hellu í Rangárþingi ytra, að tengivirki á Hvolsvelli og að Rimakoti í Austur-Landeyjum. Um er að ræða streng sem gerður er fyrir 133 kV spennu. Markmið verkefnisins er að viðhalda afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum.

Rangárþing eystra leggur mikla áherslu á að hugað sé að því að legu strengsins sé þannig háttáð að hún hamli ekki hreinsun skurða í Landeyjum. Í núverandi vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra eru safnskurðir í Landeyjum og Vestur Eyjafjöllum settir undir hverfisvernd, m.a. til að vernda núverandi land til matvælaframleiðslu og til landbúnaðarnota. Óheimilt er að hindra „eðlilegt“ flæði um skurðina eða aðgengi að þeim til hreinsunar. Einnig leggur sveitarfélagið áherslu á að samþykki allra landeigenda, sem hagsmuna eiga að gæta, liggi fyrir áður en framkvæmdir við lagningu strengsins hefjast.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra gerir ekki frekari athugasemdir við tilkynningu Landsnets vegna framkvæmdar við Rimakotslínu 2.

Virðingarfyllt



Guðmundur Úlfar Gíslason  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþings eystra



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b,  
105 Reykjavík

Selfossi 6. janúar 2022.

## Efni; Umsögn um fyrirhugaða lagningu jarðstrengs, Rimakotslínu 2.

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu um lagningu jarðstrengs, Rimakotslínu 2. Með tölvupósti 22. desember sl. óskað Skipulagsstofnun eftir að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skyldi koma fram eftir því sem við á, hvort stofnunin telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Um er að ræða 36 km jarðstreng (rafstreng) sem mun liggja frá Hellu að Rimakoti í Landeyjum, gerður fyrir 132 kV spennu en fyrst um sinn verður strengurinn rekinn á 66 kV. Með tilkomu Lækjartúnslínu ásamt Rimakotslínu 2 eykst afhendingargeta raforku á svæðinu umtalsvert. Fyrirhugað er að grafa skurð fyrir strengina, botninn þakinn sandi eða fingerðu efni og strengjunum komið fyrir á skurðbotninum. Á lagnaleiðinni eru nokkur vatnsföll sem þarf að þvera. Við stærri ár þ.e. Ytri-Rangá, Hróarslæk og Eystri-Rangá er fyrirhugað að leggja strenginn í röri um brúarvængi. Við minni ár og læki líkt og Gaddstaðasíki, Strandarsíki, Þverá og Affall er fyrirhugað að grafa strenginn í árbotninn. Í Landeyjum fer lögnin um votlendi sem er að hluta til raskað og við bæinn Miðey er lagnaleiðin nálægt Miðeyjarvatni. Jarðstrengsleiðin liggur að mestu leyti í nágrenni vega og slóða sem nýtast við framkvæmdina. Þó er áætluð slóðgerð á hluta leiðarinnar og áætlað er að sótt verði 15.000 m<sup>3</sup> af efni til þeirra í nærliggjandi námur sem eru í rekstri en ekki er tilgreint hverjar þær eru eða hvar þær eru staðsettar. Áætlað er að slóði verði lagður á um 5 km kafla eða um 13% leiðarinnar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2023 og að tvö sumur taki að ljúka lagningu strengsins.

## Umsögn

Á lagnaleiðinni eru nokkrar stærri ár og minni lækir, einnig votlendi með tjörnum. Helstu árnar eru Ytri- og Eystri-Rangá ásamt Hróarslæk, Gaddstaðasíki, Strandarsíki, Þverá og Affall. Rannsóknir í Ytri- og Eystri-Rangá og Hróarslæk hafa sýnt að í þeim ám eru náttúrulegir stofnar laxfiska einkum

sjógenginn og staðbundinn urriði (Magnús Jóhannsson 2011, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2014, Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2014). Ekki hafa farið fram rannsóknir á seiðabúskap eða lífríki annarra vatnsfalla eða vatna á svæðinu. Í flestum ánum er stunduð umtalsverð veiði sem byggir að stærstum hluta á sleppingum laxagönguseiða. Í mörg undanfarin ár hafa Ytri- og Eystri-Rangá verið aflasælustu laxveiðiár landsins (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2021), einnig er umtalsverð veiði í Affalli, Hróarslæk og Þverá.

Seiði laxfiska halda sig gjarna á grýttum búsvæðum í ám og lækjum, en þar sem botnefni er fínt (leir, sandur) og þar sem er slétt klöpp eru búsvæði rýrari. Laxfiskar hrygna á marlarbotni þar sem vatnsstreymi er gott. Áhrif þverunar með þeim hætti sem lýst er eru einkum vegna röskunar á botni og gruggunar árvatnsins. Þá geta veitingar vatns úr farvegi á framkvæmdarstað haft tímabundin neikvæði áhrif og ætti að takmarka þær eins og kostur er. Framkvæmdirnar geta valdi röskun á búsvæðum og afföllum seiða og annarra lífvera sem lifa í vatni. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á fiskgengd, veiðimöguleika og viðgang stofna síðar. Í þeim vatnsföllum sem rannsóknir liggja fyrir og fyrirhugað er að þvera er botnefni aðallega fremur fínt og því ekki kjöraðstæður til uppeldis seiða. Gera má ráð fyrir að finna megi seiði laxfiska og þá einkum urriðaseiði á þverunarstöðum þeirra. Þverunin með lagningu jarðstrengs í árbotninn mun hafa neikvæð áhrif á seiðin og annað lífríki í vatni, einkum á meðan framkvæmdir fara fram. Einnig er viðbúið að við þverun geti orðið truflun á veiðinýtingu, einkum vegna gruggs. Grugg getur einnig haft neikvæð áhrif á gönguseiði á leið til sjávar sem er að öllu jöfnu að vorlagi og fram á sumar (maí til júní). Laxagönguseiði sem sleppt er í ánar geta verið síðar á ferðinni allt fram í ágúst. Hafa ætti samráð við veiðifélög á svæðinu um framkvæmdatíma.

Þar sem fyrirhugað er að leggja strenginn í brúarvæng um rör í Ytri-Rangá, Hróarslæk og Eystri-Rangá verða áhrif þverunar líklegast minniháttar á þessi vatnsföll. Önnur vatnsföll þar sem strengurinn verður grafinn í árbotninn verða fyrir meiri áhrifum. Ekki er þekkt hvernig seiðabúskap aðstæður til seiðauppeldis eða hrygningar (búsvæði) eða annað lífríki þeirra vatnsfalla er háttað á þverunarstað.

Framkvæmdin mun valda tímabundnum áhrifum á vatnafar og lífríki í ám. Gert er ráð fyrir að til að draga úr áhrifum verður staðsetning og tímasetning þverana strengins við ár valin í samráði við veiðifélög á svæðinu.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla og tjarna svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðleg efni t.d. smit frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatn.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um vatn og vatnsfarvegi eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Vakin er athygli á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu“.

Eins og að framan greinir hafa ekki farið fram rannsóknir á seiðabúskap Gaddstaðasíkis, Strandasíkis, Þverár eða Affals og er þörf á því að kanna það betur fyrir framkvæmdir til að meta hvað er þar í húfi. Einnig þarf að gera frekari grein fyrir staðsetningu efnisnáma, en efnisnám í og við vatnsföll getur haft neikvæð áhrif á lífríki í vatni. Með tilliti til ofangreindra viðbótarþekkingar og upplýsinga telur Hafrannsóknastofnun að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar á lífríki í vatni og veiðinýtingu og ætti ekki að kalla á umhverfismat.

### Heimildir

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2014. Fiskrannsóknir í Hróarslæk á Rangárvöllum 2013. Veiðimálastofnun skýrsla VMST/14030: 14 bls.

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2021. Lax- og silungsveiðin 2020. Hafrannsóknastofnun, haf- og vatnarannsóknir, HV 2021-35: 40 bls.

Magnús Jóhannsson 2011. Endurmat á búsvæðum laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangá – Hólsár. Veiðimálastofnun skýrsla VMST/11054: 21 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Seiðarannsóknir í Estri-Rangá og Fiská árið 2013. Veiðimálastofnun skýrsla VMST/14018: 10 bls.

Fh. Hafrannsóknastofnunar



---

Magnús Jóhannsson



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2022  
Mf202201-0132/ 6.07 / K.M.

## Efni: Rimakotslína 2.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 22. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í skýrslu Landsnets kemur fram að Rimakotslína 2 verði um 36 km jarðstrengur sem liggja á frá Hellu að Rimakoti. Strengurinn verður gerður fyrir 132 kV spennu. Jarðstrengurinn mun liggja frá tengivirki á Hellu í Rangárþingi ytra að tengivirki á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra og loks að tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra. Setja þarf jarðstrenginn saman á 27 stöðum á leiðinni.

Gert er ráð fyrir að grafa strenginn á um 1.250 mm dýpi. Helgunarsvæði umhverfis strenginn verðu 5 m út frá miðlínu skurðar eða alls 10 m en áætlað er að svæðis sem raskast umhverfis strenginn verði 9,3 m. Vinnuslóð þarf að liggja meðfram strengnum og vinnuþlön við tengistaði eftir þörfum. Almennt er landið sem leiðin liggur um frekar slétt og auðvelt yfirferðar en lögð verður áhersla á að lágmarka slóðagerð og rask. Áætlað er að sleppa megi eiginlegri slóðagerð með aðkeyrðu efni á allt að 87 % af strengleiðinni.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.5 í skýrslu Landsnets og um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar í kafla 5.1. Einu fornleifarnar sem fjallað er um eru friðlýstar fornleifar í landi Ægissíðu hjá Hellu. Í landi Ægissíðu eru friðlýstir hellar. Hellarnir eru manngerðir. Tveir hellar, Hlöðuhellir og Fjánhellir, liggja skammt vestan við Þjóðveg 1 sunnan við bílaplan sem gert hefur verið við Þjóðveginn. Hellarnir hafa á síðustu árum notið vaxandi vinsælda meðal ferðamanna.

Í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að friðhelgað svæði umhverfis friðlýstar fornleifar skuli vera 100 metrar út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifanna og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Í skýrslu Landsnets kemur fram að jarðstrengurinn muni liggja innan friðhelgaða svæðisins. Jarðstrengurinn mun liggja austan við Þjóðveg 1 en hellarnir eru vestan við veginn eins og áður segir. Að mati Minjastofnunar mun hellunum því ekki stafa hættu af lagningu strengsins.

Fornleifar hafa verið skráðar á mörgum jörðum í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra en þó ekki á nærri öllum þeim jörðum sem jarðstrengurinn

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

mun liggja um. Fyrirliggjandi skráning er heldur ekki nógu nákvæm til að teljast fullnægjandi í tengslum við lagningu jarðstrengs eins og þess sem hér um ræðir.


Í skýrslu Landsnet segir að með því að leggja Rimakotslínu 2 meðfram strengjaleið Hellulínu 2 á 13 km kafla á milli Hellu og Hvolsvallar munu helgunarsvæði strengjanna skarast. Þannig verður hægt að takmarka röskun á nýju landi og nýta svæði sem nú þegar eru röskuð vegna Hellulínu 2.

Minjastofnun Íslands telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Rimakotslínu 2. Stofnunin telur að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á svæði sem nær a.m.k. 15 metra til hvorrar handar út frá fyrirhugaðri legu strengsins. Einnig þarf að skrá svæði sem nær a.m.k. 15 m úr fyrir fyrirhugaða tengistaði á strengjaleiðinni. Stofnunin telur að ekki þurfi að skoða svæðið milli Hellu og Hvolsvallar þar sem strengurinn mun liggja í vegöxl og á svæði sem að mestu er þegar raskað.

Minjastofnun Íslands telur að ofngreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Þegar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa verið skráðar þarf að sýna útlínur þeirra og staðsetningu á loftmynd/korti ásamt fyrirhugaðri lagnaleið strengsins. Fjalla þarf um fornleifar innan leiðarinnar og áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Loks þarf að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaaðili hyggst grípa til vegna fornleifa.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 25. janúar 2022  
2201027HS SHJ

### **Efni: Rimakotslína 2 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd**

Þann 22. desember 2021 móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar lagningar Rimakotslínu 2 frá tengivirki á Hellu í Rangárþingi ytra í gegnum Hvolsvöll að tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra.

Um er að ræða 36 km jarðstreng sem gerður er fyrir 132 kV spennu en verður fyrst um sinn rekinn á 66 kv. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu auk þess að auka afhendingargetu í Vestmannaeyjum og tryggja þannig framgang orkuskipta. Stefnt er að því að jarðstrengurinn fylgi sem mest vegum og slóðum sem fyrir eru á svæðinu og verður slóðagerð haldið í lágmarki. Áhersla er lögð á að nýta staðargróður til að græða upp yfirborðsrask og að nota jarðefni sem til fellur og ekki verður notað við lagningu jarðstrengsins í gerð reið- og hjólastiga þar sem þess er kostur. Helgunarsvæði strengs er 5 m út frá miðlínu strengs og innan þess er 9,3 m raskað svæði. Heildar flatarmál raskaðs svæðis í kringum strenginn er um 0.32 km<sup>2</sup>.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaáðstöðu skv. skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi




**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 14 feb. 2022
Málnr. _____

Hafnarfjörður 8. febrúar 2022  
Tilv. 2022-02-08-1226/2.4.1

Efni: Varðar Rimakotslínu 2

Með tölvupósti þann 22. desember 2022 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda í tenglum við fyrirhugaða Rimakotslína 2. Um er að ræða 36 km jarðstreng sem mun liggja frá Hellu að Rimakoti, gerður fyrir 132 kV spennu en fyrst um sinn verður strengurinn rekinn á 66 kV. Jarðstrengur Rimakotslínu 2 mun liggja frá tengivirki á Hellu í Rangárþingi ytra að tengivirki á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra og loks að tengivirki í Rimakoti í Rangárþingi eystra. Á fyrirhugaðri strengleið er að finna ýmsar ár og læki sem jarðstrengurinn þarf að þvera. Fyrirhugaðar framkvæmdirnar snerta eftirfarandi veiðivötn: Ytri-Rangá, Gaddastaðasíki, Hróarslækur, Strandarsíki, Eystri-Rangá, Þverá, Affall.


Eftirfarandi kemur fram í fyrirspurn um matskyldu: “Þar sem strengurinn verður lagður í brúarstæði eru lítil sem engin áhrif af framkvæmdinni á lífríki og veiði í ánnum. Þar sem grafa þarf strenginn í árbotninn verður staðsetning þverana og tímasetning framkvæmdarinnar valin í samráði við veiðifélög á svæðinu til að raska veiði og lífríki í ánum sem minnst. Miðað verður við að grafa strenginn niður fyrir lægsta botn ána til þess að tryggja að árnar haldi áfram að vera fiskgengar og koma í veg fyrir að strengurinn myndi fyrirstöðu í árfarveginum. Forðast verður að grafa strenginn í árbotninn á hrygningartíma eða á þeim tíma þegar seiðum er sleppt í árnar.” (bls. 20)

Rask getur orðið þegar jarðstrengur er grafinn undir botn fallvatna. Slíkt rask er þó tímabundið og staðbundið. Fram kemur að haft verði samráð við viðkomandi veiðifélög vegna þverunar, til þess að forða því að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á veiði.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, með tilliti til hugsanlegra áhrifa framkvæma á lífríki í vatni eða veiðihagsmuni.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



**Umhverfisstofnun**

Suðurlandsbraut 24

108 REYKJAVÍK

b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
Jakob.Gunnarsson@skipulag.is

**Umsögn vegna matsskyldu Rimakotslínu 2, Rangárþingi ytra og eystra.**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsskyldu vegna Rimakotslínu 2, sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags 18.11.2021, fyrir Landsnet.

Vegagerðin bendir á að fyrirhugað er að fara í breytingar á þessu svæði Hringvegarins og er ný veglína fyrirhuguð í tengslum við 2+1 veg. Endanleg lega nýs vegar liggur ekki fyrir.

Tryggja skal góða fjarlægð frá fyrirhuguðu vegstæði, reikna má með gerð nýrra hliðarvega í tengslum við framkvæmd í 2+1 veg og gera þarf ráð fyrir lagna þverunum þeim tengdum. Hafa samráð þar sem lagnir eru hengdar í brýr.

Vegagerðin minnir á að í samræmi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar skal öryggissvæði vera meðfram vegum. Innan öryggissvæðis skulu ekki vera hættur, s.s. hættulegar hindranir, brattir fláar eða mikill halli (Vegagerðin, 2009a). Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum í framlagðri matsfyrirspurn.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt.

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. janúar 2022  
Tilvísun: 202112-0057  
SS, BK  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við Rimakotslínu 2

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 22. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landsnets við lagningu Rimakotslínu 2 sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgja tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og helstu umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu á 36 km löngum jarðstreng og er rasksvæðið um 5 metra út frá miðlínu strengjarins. Strengurinn verður að stærstum hluta lagður meðfram núverandi vegum og í þeim tilfellum er rasksvæðið raskað fyrir. Þó eru kaflar þar sem strengurinn liggur fjær vegum um óröskuð gróðurlendi og þar er sums staðar þörf á að leggja sérstaka aðkomuslóða. Þá þarf að þvera ár og þar sem ekki er hægt að leggja strengi í rör utan á brýr þarf að grafa skurð í árbotninn og skorða rör þar með tilheyrandi raski.

Þar sem frágangur gerir ráð fyrir að gróðurhula muni endurheimtast eru áhrifin að mestu talin tímabundin. Sama á við um rask í árbotnum. Ásýndaráhrif verða því sömuleiðis frekar lítil. Framkvæmdin mun ekki liggja um friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá en mun liggja um tvö hverfisverndarsvæði við Eystri-Rangá og við Affallið sem bæði eru mikilvæg búsvæði fugla. Þá hefur allt Suðurlandsundirlendið verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að þörf sé á fullu mati á umhverfisáhrifum. Áhrifin eru að stærstum hluta tímabundin og afturkræf og ef frágangur og tímasetning framkvæmdaliða er gerð með hagsmuni lífríkis að sjónarmiði ættu umhverfisáhrifin einungis að vera óveruleg. Þá ættu sérstaklega viðkvæm náttúrusvæði ekki að verða fyrir miklum áhrifum. Þar sem vistgerðir með hátt verndargildi (t.d. língresis- og vingulsvist) verða fyrir töluverðu raski þó það sé í nálægð núverandi vega, þarf að huga að því að endurheimta sambærilega gróðurhulu t.d. með því að nýta staðargróður eða sá ríkjandi tegundum. Forðast skal að nota framandi ágengar tegundir við endurheimt gróðurs.

Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að þar sem framkvæmdasvæðið liggur fjær núverandi vegum og yfir gróið land t.d. í landi Miðeyjar, er mjög mikilvægt að forðast óþarfa rask og hugað að frágangi. Þá ætti að forðast framkvæmdir á varptíma. Svæðið við Miðey er nokkuð votlent, líklega meira en kemur fram á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og þá má búast við að þar sé þétt varp mófugla. Mikilvægt er að frágangur nái einnig yfir gerð vinnuslóða á




Miðeyjarlandi en ekki kemur skýrt fram hvort gert sé ráð fyrir að sá slóði verði varanlegur eða tímabundinn. Þá ber að varast að raska nágrenni Miðeyjarvatns.

Hinn staðurinn þar sem vikið er frá nálægð við veg er við sanda Affals þar sem strengurinn verður lagður yfir sandauðnir, þverar Affallið og yfir túnspildur norður af Voðmúlastaðahverfi. Þar ríkir hverfisvernd og má m.a. gera ráð fyrir töluverðu spóa- og kjóavarpí á svæðinu og þar ætti því einnig að forðast framkvæmdir á varptíma og gæta mjög vel að frágangi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.





**RANGÁRÞING YTRA**

byggingafulltrúi

Sími 4887000

Heimasíða [www.rv.is](http://www.rv.is)

Facebook [/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)

Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella



**HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG**  
**Rangárþing ytra**

vettliðan fyrir alla

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

---

**From:** Haraldur Birgir Haraldsson

**Sent:** 11.01.2022 08:46:00

**To:** Smári Jóhannsson

**Subject:** Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 46 : 2107019 - Landsnet. Rimakotslína 2. Jarðstrengur frá Hellu að Landeyjafjöru

Góðan dag

Hér er afgreiðsla frá fundi skipulags- og umferðarnefndar Rangárþings ytra frá því í gær, birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar, en fundur þeirra verður næstkomandi fimmtudag.

**2107019 - Landsnet. Rimakotslína 2. Jarðstrengur frá Hellu að Landeyjafjöru**

*Landsnet hf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 17. desember 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.*

Skipulagsnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunní að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágörkuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin vill árétta að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi skv. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Samþykkt

Með kveðju,



**RANGÁRÞING YTRA**

Haraldur

**Birgir**

**Haraldsson**

Skipulags- og  
byggingafulltrúi

Sími 4887000

Heimasíða

[www.rv.is](http://www.rv.is)

Facebook

[/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)

Suðurlandsvegi 1-  
3, 850 Hella